	Hafnaríjarðarbær
Innk:	10/3 2015
Málsnr:	1503171
Bréfal:	0321



Forstöðumenn þjónustuvæða vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 4. mars 2015
Tilv.: IRR14120270/21.0


Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. desember 2014, er varðar aðkomu sjóðsins að kostnaði einstakra þjónustuvæða/sveitarfélaga vegna greiningar á niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem kynntar voru í ágústmánuði 2014, um afstöðu notenda til yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Nefndin samþykkti að leggja til að tilmæli Sambandsins um aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna greiningar fyrir einstök þjónustuvæði/sveitarfélög verði tekin til greina. Nefndin samþykkti jafnframt tillögu um að aðkoma sjóðsins tæki mið af 150.000 kr. fyrir hvert þjónustuvæði/sveitarfélag. Þau þjónustuvæði/sveitarfélög, sem nú þegar hafa keypt þessa greiningu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, munu njóta sömu kostnaðarhlutdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Óski þjónustuvæði/sveitarfélag eftir greiningu á niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hefur þjónustuvæðið/sveitarfélagið samband við stofnunina þar að lúandi. Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs verður greidd til þjónustuvæðis/sveitarfélags þegar úrvinnslan hefur farið fram og staðfesting á áföllnum kostnaði liggur fyrir hjá sjóðnum.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Guðni Geir Einarsson